

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	26.11.2014	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Harpa Árnadóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Friðgeir Björnsson	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu og ekki eru gerðar neinar athugasemdir við starfsemina.

UMFANG EFTIRLITS

Eldri fræðigryfja Norðuráls var full og töluvert magn var uppsafnað ofan flæðamáls. Norðurál tók á þessu ári í notkun nýja flæðigryfju og sendi Umhverfisstofnun áætlun um flutning efnis úr eldri flæðigryfju í þá nýja þann 8. september sl. Þar kom fram að áætlað væri að flytja þyrfti um 8000 m³ svo ekkert efni yrði eftir ofan hæsta flæðarmáls í eldri gryfju. Áætlað var að ljúka þessum flutningi í desember 2014. Á eftirlitsfundi kom fram að búið er að flytja 7000 m³ í nýju gryfjuna. Hæðarmælingar gefa til kynna að magnið sem þarf að flytja sé meira en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir, eða um 10000 m³. Rekstraraðili hyggst engu síður ljúka framkvæmdinni fyrir áramót.

Farið var yfir úrgangstölur úr grænu bókhaldi ársins 2013. Magn í flestum úrgangsflokkum reyndist vera á svipuðu róli og árin á undan. Magn spilliefna skar sig þó úr, en magnið þar var margfalt á við árin á undan. Þetta skýrist af umfangsmiklum síupokaskiptum í reykhreinsivirkjum sem fram fóru í fyrra, en síupokar eru að jafnaði endurnýjaðir á nokkurra ára fresti. Þá virðist magn algjalls sem er skilað til endurvinnsluaðila hafa dregist saman síðustu árin. Rekstraraðili staðfesti þennan árangur og skrifar hann á betri framleiðslutækni, en með tilkomu sjálfvirs róbóts sem skefur ofan af áldeiglum fer nú minna ál með raflausninni sem er skafin ofan af. Magn algjalls hefur því dregist saman.

Rætt var um umhverfisvöktun og vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun hefur samþykkt nýja mælipunkta í flæðigryfju. Þá hafa orðið aðrar smávægilegar breytingar á vöktuninni sem kalla á uppfærslu vöktunaráætlunar. Umhverfisstofnun og rekstraraðili munu fara yfir það í sameiningu.

Hljóðstigmælingar standa nú yfir á rekstrarsvæði. Niðurstöður munu liggja fyrir snemma á nýju ári.

Rekstraraðili kynnti tillögu að breyttri mæliáætlun fyrir næsta ár. Frárennslismælingar hafa hingað til verið framkvæmdar með mánaðarlegri punktmælingu sem var greind á rannsóknarstofu rekstraraðila. Rekstraraðili leggur til að farið verði í ársfjórðungslega 2ja sólarhringa símælingu í staðinn, sem verði þá framkvæmd af óháðum aðila. Rekstraraðili hefur framkvæmt báðar mælingarnar á þessu ári og telur ársfjórðungslegar símælingar gefa betri mynd en punktmælingarnar. Umhverfisstofnun óskaði eftir formlegu erindi um málið ásamt mæliniðurstöðum og upplýsingum um sýnatökutæknina.

Rekstraraðili kynnti áform um að prófa nýja tegund sía í reykhreinsivirki 1. Þá verða notaðir stjórnformaðir pokar í stað hefðbundinna síupoka. Pokarnir hafa því meira yfirborðsflatarmál og því ætti að vera hægt að ná betri árangri og auka afköst reykhreinsivirkisins. Þetta er í takt við áform um framleiðsluaukningu og uppsetningu á tvöföldu afsogi á kerlínu 1 (líkt og er nú þegar á kerlínu 2). Gert er ráð fyrir að nýju pokarnir hafi svipaða eða ívið styttri endingu en þeir pokar sem eru nú í notkun.

Rekstraraðili greindi frá átaki nú í haust þar sem starfsfólk var hvatt til að halda keropnunum í lágmarki. Þeir telja sig sjá aukna meðvitund meðal starfsfólks og telja árangurinn sjáanlega í símælingum á flúorlosun.

Farið var í skoðunarferð í kerskála, steypuskála og flæðigryfjur. Umgengni í kerskála virtist góð og þekjur almennt þéttar og heilar.

Reykjavík, 01.12.2014

Eva Dögg Kristjánsdóttir

Eva Dögg Kristjánsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.